

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, Ægisbraut/Stillholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. desember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 frá 26. apríl 2006.

Breytingin felst í því að lóð fyrir dælu- og hreinsistöð á iðnaðarsvæði við Ægisbraut stækkar til austurs á kostnað óbyggðs svæðis. Gert er ráð fyrir nýrri lóð fyrir dælustöð við Stillholt skammt austan Ægisbrautar. Um 0,35 ha fylling verður sett út á flatar klappir vestan Presthúsavíkur og sjóvarnargarður á Kampinum verður framlengdur um 120 m til varnar landbroti.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 19. desember 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*